

Sp.

316. Þingsályktun

[22. mál]

um innflutning landbúnaðarvéla.

(Afgreidd frá Sp. 4. febr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til, að á næsta ári verði fluttar til landsins landbúnaðarvélar, eftir því sem þörf krefur, svo sem jarðýtur, skurðgröfur og aðrar stórvirkar vélar, til að fullnægja þörf búnaðarfélaga og ræktunarsambanda. Einnig minni dráttarvélar og aðrar búvélar, eftir því sem frekast er unnt. Jafnframt verði séð fyrir nægilegum varahlutum.

Leggur Alþingi fyrir ríkisstjórn og fjárhagsráð að fullnægja þörf þeirra, sem hér er um rætt, áður en leyfður er innflutningur á bilum.